

Píratar opna kosningabókhald sitt

Fréttatilkynning 25.október 2016

Í grunnstefnu Pírata er kveðið á um að upplýsingar skuli vera aðgengilegar almenningi. Með það að leiðarljósi hafa Píratar ákveðið að opna kosningabókhald sitt fyrir kosningar. Píratar vilja sýna kjósendum hvaðan fjármagn Pírata til kosningabaráttunnar kemur og hvernig því er varið.

Píratar skora á aðra stjórnmaflokka að opna kosningabókhald sitt fyrir kosningar

Í gegnum tíðina hafa stjórnmaflokkar skuldlagt sig verulega, m.a. í kosningabaráttu. Fluttar hafa verið fréttir af mörg hundruð milljóna skuldum stjórnmaflokka. Í lögum Pírata er óheimilt að flokkurinn taki lán nema á móti fyrirséðum tekjum. Píratar ákváðu að gera ekki ráð fyrir ríkisstyrk á komandi kjörtímabili sem greiddur er út til stjórnmaflokka í janúar ár hvert. Upphæð styrkjarins fer eftir gengi í kosningum og gerðu Píratar ekki ráð fyrir því í fjárhagsáætlunum, þrátt fyrir gott gengi í skoðanakönnunum, en unnu með það fé sem til var í kosningasjóði og fóru af stað með hópfiármögnun.

Kosningabarátta Pírata mun kosta um 16,6 milljónir eins og sjá má í meðfylgjandi yfirliti. Kosningabaráttan er fjármögnuð með uppsöfnuðum ríkisstyrk og frjálsum framlögum í gegnum Karolínafund söfnun flokksins. Þar hafa safnast um 4 milljónir króna. Píratar áætla að rekaaráttuna með minniháttar halla, innan við tvær milljónir. Þá má geta þess að þingflokkur Pírata var tilbúinn til þess að styrkja Pírata um 2.000.000kr en samkvæmt lögum um fjármál stjórnmaflokka er lögaðilum ekki heimilt að styrkja stjórnmaflokka um meira en 400.000kr á ári og þáðu Píratar þann styrk.

Til samanburðar má nefna að aðrir flokkar hafa fengið allt að 200 milljónir króna frá fyrirtækjum og af öðrum rekstrartekjum (innifela ekki beina styrki frá ríki

eða einstaklingum) sé litið til árána 2014 og 2015 (skv. upplýsingum frá Ríkisendurskoðun, sjá meðfylgjandi töflu).

2014 og 2015	Lögaðilar	Aðrar rekstrartekjur	Samtals
Sjálfstæðisflokkurinn	48.136.461	148.526.091	196.662.552
Framsóknarflokkurinn	28.878.000	27.905.479	56.783.479
Samfylkingin	13.371.090	27.431.204	40.802.294
Vinstri Græn	1.335.000	3.563.991	4.898.991
Björt Framtíð	777.534	604.500	1.382.034
Píratar	300.000	0	300.000

Um Karolínafund söfnun Pírata

Til þess að auka við það fé sem hafði verið lagt til hliðar og þegar var til í kosningasjóði Pírata var ákveðið að ráðast í hóp fjármögnun í samstarfi við Karolínafund til að fjármagna kosningabaráttuna. Sá stuðningur sem Píratar hafa fengið í gegnum þá fjáröflun er ómetanlegur og hefur gert okkur kleift að reka góða kosningabaráttu! Nú þegar fjórir dagar eru til kosninga hafa 575 einstaklingar og 12 fyrirtæki/samtök lagt hóp fjármögnuninni lið og safnað 4.100.000 krónum. Enginn einstaklingur hefur lagt til meira en 200.000kr. Píratar kunna öllum þeim sem eitthvað hafa lagt af mörkum, í formi fjár eða með því að deila söfnuninni áfram, bestu þakkir fyrir.

KOSNINGASJÓÐUR PÍRATA

1.000	<input checked="" type="checkbox"/> 5.000	15.000
30.000	50.000	Önnur upphæð

STYRKJA PÍRATA

4.100.000 Kr. <small>SAMTALS SAFNAÐ</small>	575 <small>EINSTAKLINGAR</small>	12 <small>FYRIRTÆKI / SAMTÖK</small>	5 <small>DAGAR TIL KOSNINGA</small>
---	--	--	---

Skjaskot af hóp fjármögnun Pírata mánudaginn 24. október

Sundurliðun á útgjöldum

Hér að neðan eru útskýringar á einstaka útgjaldaliðum í kosningabaráttu Pírata. Þess má geta að Píratar hafa fengið gefins ýmsa óverulega muni eins og geisladisk, bílrúðufánastangir og sultukrukku sem ekki eru gefnir upp í bókhaldinu, enda erfitt að henda reiður á verðmæti slíkra dýrgripa.

Til kjördæmanna þriggja utan höfuðborgarsvæðisins (Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi) voru millifærðar samtals 1.895.000kr fyrir leigu á kosningaskrifstofum, rekstur þeirra og ferðakostnað. Hvert kjördæmi heldur utan um þessa styrki.

Á höfuðborgarsvæðinu var ekki unnt að vera með kosningaskrifstofu vegna fjárskorts, en í stað þess lögðu Píratar á það ráð að leigja bás í Kolaportinu fjórar helgar fyrir kosningar og leigja auk þess bása víðsvegar um höfuðborgarsvæðið í vikunni fyrir kosningar. Píratar héldu sex fundi þar sem húsnæði var leigt undir fundahöld. Samanlagður kostnaður af básaleigum og fundahöldum var 646.543kr.

Sex manns fengu greidd verktakalaun og auk þess var greitt flug og gisting fyrir þrjú einstaklinga en allir þessir aðilar veittu Pírötum sérfræðiaðstoð á ólíkum sviðum. Aðstoð var veitt í samfélagsmiðlun, vefsíðumálum, myndbandsvinnslu, framkomu og starfi við kosningabaráttuna. Launakostnaður og styrkur (flug og gisting) fyrir níu manns gera 3.180.000kr.

Markaðsmál og auglýsingar eru stærsti útgjaldaliður í kosningabaráttu Pírata en undir þann lið falla viðskipti við auglýsingastofur, auglýsingar á ljósvakamiðlum, samfélagsmiðlum, kvikmyndahúsum og í blöðum. Auk þess falla undir markaðsmálin prentun á auglýsingaefni (m.a. 50.000 bæklingar sem dreift var í hús af sjálfboðaliðum að mestu leyti), söluvarningur (bolir, húfur og glös) og viðburðir. Heildarkostnaður við markaðsmál voru 9.711.692kr.

Í kosningavökur er áætlað að eyða 700.000kr. 100.000kr fyrir hvert kjördæmi utan höfuðborgarsvæðisins og 400.000kr fyrir kjördæmin þrjú á höfuðborgarsvæðinu. Við höfum rekið kosningabaráttuna með aðstoð

ótalmargra sjálfboðaliða og viljum reyna að gera vel við fólkið okkar á kosningavökunum.

Undir annan kostnað falla flug fyrir tvo einstaklinga vegna fundarhalda innanlands, veitingar fyrir sjálfboðaliða og gert er ráð fyrir 400.000kr í annan kostnað ef eitthvað óvænt kemur upp á. Annar kostnaður er 510.200kr í heildina.

Ítarupplýsingar

Í grein 13.5 í lögum Pírata segir:

„Félaginu er eingöngu heimilt að taka lán fyrir rekstri og öðrum útgjöldum félagsins ef áætlaðar tekjur eru fyrirsjáanlegar og öruggar. Engin lán sem binda félagið mega fara fram án samþykkis framkvæmdaráðs.“

Þann 1. september 2016 stóð kosningasjóður Pírata í 7.190.442kr. Píratar hlutu 5,1% kosningu í Alþingiskosningum árið 2013 og fengu greitt frá Ríkissjóði Íslands rúmar 16 milljónir árið 2014 og tæpa fimmtán og hálf milljón árin 2015 og 2016.

Styrkur ríkissjóðs janúar 2014: 16.693.014 krónur

Styrkur ríkissjóðs janúar 2015: 15.479.059 krónur

Styrkur ríkissjóðs janúar 2016: 15.479.059 krónur

Þann 1. febrúar 2016 var staðan á bankareikningi Pírata 15.479.059kr og kosningasjóður stóð í 7.106.554kr. Kosningasjóðurinn var opnaður þegar ljóst var að boðað yrði til kosninga í haust og var því ekki snertur fyrr en í lok ágúst. Af almenna reikningi Pírata hafa verið greidd laun til framkvæmdastjóra sem ráðin var um miðjan maí og fjögurra mánaða laun kosningastjóra. Allur almennur rekstur félagsins, svo sem húsaleiga, hefur einnig verið greiddur af þessum reikningi.

Gert er ráð fyrir um 965.000kr í aðrar tekjur á árinu 2016, seljist allur varningur sem keyptur var inn fyrir kosningabaráttuna (glös, húfur og bolir).

Innistæðan á kosningareikningi Pírata er í dag 2.270.520kr og á almenna reikningnum er staðan 2.370.565kr. Samkvæmt kosningabókhaldi eru útgjöld meiri en innkoma og því ljóst að kosningabarátta Pírata verður rekin með um tveggja milljón króna tapi. Samkvæmt lögum Pírata er félaginu óheimilt að taka lán nema fyrirséðar tekjur liggi fyrir og því mun gjaldkeri framkvæmdaráðs eða framkvæmdastjóri taka lán strax að loknum kosningum og greiða upp þá reikninga sem á eindaga eru í nóvember. Það lán verður greitt upp eins hratt og mögulegt er, í síðasta lagi þegar styrkur ríkissjóðs er greiddur út til stjórnmalaflokka í lok janúar.

Sé nánari upplýsinga eða viðtala óskað skal hafa samband við framkvæmdastjóra Pírata

Sigríði Bylgju Sigurjónsdóttur

bylgja@piratar.is

s. 783-9900